

## **Endurskoðaðar fjárhagsáætlanir SSNE fyrir árin 2020 og 2021.**

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) hafa lagt fram fyrstu eiginlegu fjárhagsáætlanir samtakanna. Áætlanirnar eru fyrir yfirstandandi rekstrarár 2020 og árið 2021. Áður lá fyrir rekstraráætlun sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Strategíu en það var gróf nálgun á reksturinn út frá þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir. Nú liggja fyrir allar upplýsingar frá gömlu félögunum, AFE, AÞ og Eyþingi, til að ná utan um rekstur hins sameinaða félags. Endurskoðaðar áætlanirnar eru nú lagðar fyrir aukaping SSNE.

Gert er ráð fyrir að tekjur til rekstrar SSNE, án einskis kostnaðar vegna dómsmáls, verði samtals u.þ.b. 145,9 m.kr. á árinu 2020 og 149,1 m.kr. á árinu 2021. Rekstrartekjur skiptast í:

- Framlög Jöfnunarsjóðs.
- Framlag Jöfnunarsjóðs v/sóknaráætlunar.
- Framlög sveitarfélaga.
- Framlög Byggðastofnunar v/atvinnuþróunar.
- Framlög Norðurþings v/atvinnuþróunar.

Áætlað er að kostnaður við yfirstjórn, án einskis kostnaðar vegna dómsmáls, verði u.þ.b. 146 m.kr. á árinu 2020 (146,5 m.kr. í fyrri áætlun) og 148,3 m.kr. á árinu 2021 (146,1 m.kr. í fyrri áætlun). Yfirstjórn SSNE skiptist í:

- Ársþing – deild 21.
- Stjórnarfundir SSNE – deild 22.
- Aðra fundir stjórnar – deild 23.
- Skrifstofu SSNE (Eyþór og Helga María) – deild 24.
- Skrifstofu atvinnuþróunar (Ari Páll, Baldvin, Elva, Rebekka, Nanna og Silja) – deild 25.
- Verkefnastjóra menningarmála (Vigdís) – deild 26.

### ***Stutt yfirlit yfir einstakar deildir yfirstjórnar:***

#### **22, 23 Stjórnarfundir SSNE – Aðrir fundir stjórnar:**

Kostnaður við stjórnarfundir tekur mið af mánaðarlegum fundum frá janúar til ágúst 2020. Síðan er gert ráð fyrir tveimur fundum á mánuði frá september til desember. Í endurskoðaðri áætlun er g.r.f. meiri launakostnaði stjórnar þar sem þrjú fundir voru haldnir í september. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir tveimur stjórnarfundum í 11 mánuði.

Í öðrum fundum stjórnar (deild 23) felst t.d. seta stjórnarformanns í stjórn Markaðsstofu Norðurlands og seta varaformanns í starfshópi sem hefur það hlutverk að skilgreina svæðisbundið hlutverk Akureyrar.

## **24, 25, 26 Skrifstofa, atvinnuþróun og menning:**

Reynt er eftir fremsta megni að skipta kostnaði niður á viðkomandi deildir samtakanna en þegar kostnaður er ekki sérgreindur fellur hann á skrifstofu SSNE (deild 24).

Þetta á einna helst við um:

- Lögræðikostnað - sem er einungis tilkominn vegna dómsmáls á árinu 2020.
- Kostnað við bókhald og endurskoðun – sá kostnaður fellur eingöngu á deild 24 árið 2021.
- Kostnað við rekstur tölvukerfis sem hefur verið umtalsverður á árinu 2020 vegna samræmingar á tölvukerfum og uppsetningar á tölvubúnaði fyrir nýja starfsmenn – við gerum áfram ráð fyrir töluverðum kostnaði vegna þessa á næsta ári.
- Aðkeypta þjónustu sem hefur verið töluverð á árinu vegna hönnunar á logo-i fyrir samtökin, heimasíðugerð og innleiðingar á Teams – gert er ráð fyrir að þessi kostnaður verði lægri á næsta ári þar sem vinnan gengur vel.

Umsýsla vegna sóknaráætlunar hækkaði úr 9 m.kr. í 12 m.kr. á árinu. Þessi fjárhæð nýtist í rekstur sóknaráætlunar, s.s. nefndarlaun, ferðakostnað, funda- og viðskiptakostnað, auglýsingar o.fl. Það sem stendur eftir er fært sem tekjur á skrifstofu SSNE, 8,5 m.kr. á árinu 2020 (7,9 m.kr. í fyrri áætlun). Raunverulegur kostnaður við rekstur sóknaráætlunar er þó meiri en kostnaður við bókhald, endurskoðun og prentun fellur á skrifstofuna. Á árinu 2021 er g.r.f. að 6,6 m.kr. færast sem tekjur á skrifstofuna vegna þessa.

Áætlað er að áunnið orlof á deild 24 verði 1,1 m.kr. á árinu. Hér er um að ræða orlofsrétt framkvæmdastjóra. Þá er gert ráð fyrir að áunnið orlof á deild 25 verði 4,5 m.kr. vegna orlofsréttar verkefnastjóra SSNE sem störfuðu áður hjá AFE og AP. Þessir liðir verða mun lægri á árinu 2021.

Gert er ráð fyrir að annar starfsmannakostnaður, sem færast á deild 24, verði 2,5 m.kr. á árinu 2020. Um er að ræða kostnað vegna ráðninga starfsfólks (framkvæmdastjóri, sviðsstjóri og verkefnastjóri atvinnuþróunar). Þessi kostnaður verður lægri á næsta ári.

Annar kostnaður vegna starfs verkefnastjóra menningarmála, en er hér tilgreindur, fellur á skrifstofu SSNE – s.s. húsaleiga, hiti, rafmagn, ræsting, sími, rekstur tölvukerfis, innleiðing á Teams o.fl.

Í endurskoðuðum fjárhagsáætlunum fyrir árin 2020 og 2021 er gerð leiðrétting á launum og launatengdum gjöldum vegna starfsmanna SSNE. Fæðispeningar eru nú sérgreindir og hlutfall launatengdra gjalda af launakostnaði leiðrétt.

Vegna Covid-19 hefur kostnaður við ræstingu farið fram úr áætlun á árinu en ekki er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði svo hár á næsta ári.

Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2020 er g.r.f. meiri aðkeyptri þjónustu þar sem SSNE, ásamt öðrum landshlutasamtökum, mun taka þátt í *Ratsjónni*. Ratsjónin er ákveðið verkfæri ætlað stjórnendum í ferðaþjónustu og tengdum greinum sem vilja auka nýsköpunarhæfni, hraða mikilvægum breytingum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu.

Að lokum hefur verið gerð leiðrétting á funda- og ferðakostnaði sem verður töluvert lægri á árinu en áætlað var í fyrri áætlun.

**Aðrar deildir:**

**31 Samstarf landshluta:**

Hér er um að ræða kostnað vegna samstarfs landshlutasamtakanna, þ.e. ferðakostnað framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

**32 Svæðisskipulag Eyjafjarðar:**

AFE hefur sinnt þessu verkefni og var það tekið yfir af SSNE í ágúst á þessu ári. Í svæðisskipulagsnefnd sitja 14 nefndarmenn og er allur kostnaður sem fellur til vegna verkefnisins endurgreiddur af sveitarfélögunum. Á árinu 2020 er g.r.f. mánaðarlaunum formanns frá ágúst til desember og einum fundi hjá svæðisskipulagsnefndinni. Árið 2021 er gert ráð fyrir launum formanns 12 mánuði ársins og þremur fundum.

**41 Aðgerðaáætlun:**

Um er að ræða laun fulltrúa SSNE í starfshópum/verkefnastjórnnum, s.s. verkefnisstjórn vegna Blöndulínu 3, aðgerðahóp um Akureyrarflugvöll, starfshóp sem hefur það hlutverk að skilgreina svæðisbundið hlutverk Akureyrar og starfshóp um stafrænt ráð sveitarfélaga.

**50 Evrópuverkefni:**

Verkefni sem verkefnastjóri hjá SSNE sinnir. Allur kostnaður sem fellur til verður endurgreiddur sem og 30% af launum verkefnastjóra.

**51 Nýsköpunarverkefni - Víkurskel:**

Um er að ræða fimm mánaða verkefni sem ekki var gert ráð fyrir í fyrri fjárhagsáætlunum. Verkefnið byggir á samningi við Vinnumálastofnun (VMST) um frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða stofnunar. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn tímabundið til starfa hjá Víkurskel. Meðal helstu verkefna eru undirbúningur og framkvæmd tilraunaræktunar á þörungum og ostrum. Verkefnið er fjármagnað af VMST annars vegar og sem áhersluverkefni hins vegar og ber SSNE því engan kostnað af því.

**61, 62, 63 Brothættar byggðir:**

Byggðastofnun greiðir framlög vegna reksturs á verkefnunum Betri Bakkafjörður, Öxarfjörður í sókn og Glæðum Grímsey. Ýmiss annar kostnaður, s.s. bókhald, endurskoðun, rekstur tölvukerfis, símakostnaður og kostnaður við innleiðingu á Teams fellur á skrifstofu 24. Enginn hagnaður er af þessum verkefnum.

Verkefnunum Öxarfjörður í sókn og Glæðum Grímsey lýkur um áramótin næstu.